

Alþingi  
Erindi nr. P 139/888  
komudagur 10.12.2010



IÐJUÞJÁLFAFÉLAG  
ÍSLANDS

THE ICELANDIC OCCUPATIONAL  
THERAPY ASSOCIATION

Nefndasviðs Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

Reykjavík 1. desember 2010.

Mál nr. 256


Efni: Umsögn Iðjuþjálfafélag Íslands (ÍÞÍ) vegna frumvarps til laga um málefni fatlaðra (flutningur málaflokksins til sveltarfélaga).

ÍÞÍ þakkar tækifæri til umsagnar um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra.

Í tengslum við flutning á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitafélaga er mikilvægt að huga að eftirlitsskyldu með þjónustunni. Samkvæmt því frumvarpi sem liggur fyrir er í 7 gr. gert ráð fyrir að í samningum á milli þjónustusvæða og þjónustu- eða rekstraraðila skuli fjallað ítarlega um skyldur beggja aðila og um það hvernig eftirliti skuli háttað. Að mati ÍÞÍ er þetta ekki nægilegt eftirlit. Ríkinu ber að tryggja að lögum um málefni fatlaðra sé framfylgt og að samræmi og jafnræði gæti í þjónustunni um allt land svo að ekki þurfi að koma til þess að málum sé vísað til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála nema í undantekningartilvikum. Því er mikilvægt að eftirlitsstofnun verði sem fyrst sett á laggirnar til að fylgjast með að þjónustan sé í samræmi við gildandi lög og hún hafi úrræði til að tryggja að þjónustusvæðið framfylgi lögum um þau málefni sem snúa að fötluðum.

ÍÞÍ fagnar því að frumvarpið kveði á um heildarendurskoðun á málefnum fatlaðra og að ný lög um réttindagæslu fatlaðs fólks skuli liggja fyrir í árslok 2014. Einnig er fagnaðarefni að í þeirri endurskoðun skuli tekið mið af meginreglum samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

f.h. Iðjuþjálfafélags Íslands

  
Júlíana H. Aspelund, formaður

*Bjargráð í brennidepli*